



## Nýgræðingar í Vetrarbrautinni



Alheimurinn er gamall, um 13,8 milljarða ára. Vetrarbrautin okkar er líka gömul: Sumar stjörnur hennar eru meira en 13 milljarða ára. Þrátt fyrir það er enn líf og fjör í henni því ný fyrirbæri verða stöðugt til á meðan önnur hverfa af sjónarsviðinu. Á þessari mynd sést hópur nýgræðinga í hverfinu okkar í geimnum.

En hversu ungar eru þessar stjörnur í raun? Erfitt er að finna út nákvæmlega hversu gamlar þær eru en stjörnufræðingar áætla að þær séu á bilinu 20 til 35 milljón ára. Hljómar alls ekki ungt, er það? Til samanburðar er sólin okkar um 4600 milljón ára og ekki enn orðin miðaldra! Þetta þýðir að ef þú ímyndar þér að sólin sé 40 ára gömul manneskja, eru björtu stjörnurnar á myndinni þriggja mánaða gömul ungabörn.

Stjörnur myndast sjaldnast einar og sér. Þær fæðast í hópi mangra tuga eða þúsunda stjarna í þyrpingum. Allar stjörnur í þyrpingu fæðast úr sama efni um það bil samtímis. Á myndinni sést lausþyrping stjarna. Slíkar þyrpingar endast venjulega í frekar stuttan tíma áður en þær leysast upp og stjörnurnar reka hver í sína áttina. Eitt er samt furðulegt við þessa þyrpingu: Ein eða tvær gular og rauðar stjörnur sem eru mun eldri. Sérðu þær?

## COOL FACT

Ein elsta lausþyrpingin kallast Messier 67. Hún er 3,7 milljarða ára! Stjörnufræðingar telja hana hafa enst svo lengi vegna þess að hún er á fremur einangruðu svæði í Vetrarbrautinni okkar. Í kringum hana eru tiltölulega fá þing fyrirbæri sem geta togað hana í sundur.

